

Háttvirt atvinnuveganefnd

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4 febrúar sl. var eftirfarandi bókað :

Þingmál nr. 244 þingsályktun um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða.

Breytingartillaga og frávísunartillaga. Lögð var fram breytingartillaga um þingsályktun um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða frá meirihluta Atvinnuveganefndar Alþingis. Auk þess var lögð fram frávísunartillaga um sama þingmál frá minnihluta Atvinnuveganefndar Alþingis.

Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Witt og Einar Bjarnason lögðu fram svohljóðandi bókun vegna breytingartillögu formanns atvinnuveganefndar Alþingis við tillögu til þingsályktunar, þingskjal 273, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar er sem meðal annars er lagt er til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun færast einnig í orkuýtingarflokk.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á alþingi að láta verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða fjalla um flutning Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í nýtingarflokk áður en tekin er ákvörðun á Alþingi. Órókstuddur flutningur virkjana milli flokka er ekki trúverðugur.

Gunnar Örn Marteinnsson og Kristjana H Gestsdóttir lögðu fram svohljóðandi bókun : Við erum sammála breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141 frá meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis. Hvað varðar þá virkjanakosti sem eru að hluta til í Skeiða-og Gnúpverjahreppi, það er Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun er rétt að benda á að þær hafa allar verið samþykktar í sveitarstjórn mótatkvæðalaust eftir að ljóst var að mati sveitarstjórnar að rétt hafi verið staðið að hlutunum.

Rétt er einnig að benda á að sveitarstjórn setti það sem skilyrði fyrir því að Hvammsvirkjun og Holtavirkjun yrðu samþykktar á aðalskipulagi sveitarfélagsins að Landsvirkjun gengi fyrst frá samningum við þá landeigendur sem myndu tapa landi undir fyrirhugaðar framkvæmdir. Hvað varðar Hagavatnsvirkjun hefur hún sérstöðu að því leyti að hún hefur ekki komið verið tekin til afgreiðslu í verkefnastjórninni, velta má fyrir sér hvort það væri æskilegra áður en hún er sett í nýtingarflokk, þó hefur margoft hafi verið á það bent að hún gæti haft jákvæð umhverfisáhrif.

*Með kærri kveðju*

*Kristófer Tómasson*

*Sveitarstjóri Skeiða-og Gnúpverjahrepps*

